



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MA-ritgerð

í blaða- og fréttamennsku

Áhrif tæknivæðingar á blaða- og fréttamennsku TEAM SPARK

Stefán Aðalsteinn Drengsson

Leiðbeinendur: Valgerður Anna Jóhannsdóttir, dósent

Ingi Ragnar Ingason

Júní 2024

STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Áhrif tæknivæðingar á blaða- og fréttamennsku
TEAM SPARK

Stefán Aðalsteinn Drengsson

Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Leiðbeinandi: Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Leiðbeinandi myndar: Ingi Ragnar Ingason

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2024

Áhrif tæknivæðingar á blaða- og fréttamennsku.

TEAM SPARK

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-gráðu við Stjórn málafræðideild, Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

© Stefán Aðalsteinn Drengsson 2024

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2024

Formáli

Ritgerð þessi, auk heimildamyndar fyrir sjónvarp, gildir til 30 eininga og er meistaraverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku frá Stjórn málafræðideild, Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Leiðbeinandi verkefnis var Valgerður Anna Jóhannsdóttir, dósent við HÍ og kann ég henni mínar bestu þakkir fyrir óbilandi trú á mér og þolinmæði í gegnum síðasta áratug, takk. Leiðbeinandi við gerð myndarinnar var Ingi Ragnar Ingason og á hann einnig þakkir skyldar.

Ég vil þakka Jónínu Ingibjörgu Samúelsdóttur fyrir að hvetja mig í að fara í þetta nám í upphafi og alla þá aðstoð sem hún veitti mér í gegnum það. Einnig vill ég þakka Guðlaugu Ósk Pétursdóttir fyrir hennar framlag í gegnum árin. Sérstakar þakkir fá Jón Alferð Hassing Olgeirsson fyrir ómetanlega aðstoð við gerð myndarinnar um Team Spark. Þá ber að þakka Láru Ómarsdóttur fyrir þann andlega og faglega stuðning og fyrir að hvetja mig áfram í að klára ritgerðina.

Útdráttur

Þessi greinargerð fjallar um þær breytingar sem orðið hafa á starfi blaðamanns með aukinni tæknivæðingu og áhrif tækniþróunar á störf blaðamanna. Sérstaklega er horft til starfa svonefndra myndbandsblaðamanna eða VJ og þær áskoranir sem höfundur stóð frammi fyrir við gerð heimildamyndarinnar Team Spark sem sýnd var á RÚV. Myndin fjallar um keppni nemenda í verkfræði- og raunvísindagreinum við Háskóla Íslands í alþjóðlegu verkfræði- og kappaksturskeppninni Formula Student. Farið er yfir alla þætti kvikmyndagerðarinnar allt frá kvikmyndatöku yfir í klippingu og sýningu myndarinnar. Varpað er ljósi á störf svokallaðra myndbandsblaðamanna eða VJ og fjallað um kosti og galla þess að standa einn að gerð heillar heimildamyndar. Í greinargerðinni er einnig greint frá eigindlegri rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum á þeim breytingum sem orðið hafa á starfi blaða- og fréttamanna með aukinni tæknivæðingu. Rætt er við blaðamenn sem starfað hafa á þeim vettvangi árum jafnvel áratugum saman og stiklað á stóru um áhrif tæknivæðingar á blaðamennsku.

Abstract

This article discusses the changes that have occurred in the work of a journalist with increased technology and the impact of technological development on the work of journalists. Special attention is paid to the work of so-called video journalists or VJs and the challenges the author faced while making the documentary *Team Spark*, shown on RÚV. The film is about the competition of engineering and natural sciences students at the University of Iceland in the international engineering and racing competition Formula student. All aspects of filmmaking are covered, from filming to editing and showing the film. It sheds light on the work of so-called video journalists or VJs and discusses the advantages and disadvantages of standing alone in making a complete documentary. The article also reports on a qualitative study conducted a few years ago on the changes that have occurred in the work of journalists and reporters with increased technology. Journalists who have worked in that field for years, even decades, are interviewed, and the effects of technology on journalism are discussed in detail.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Útdráttur	5
Abstract	6
Efnisyfirlit.....	7
1. Inngangur	8
2. Fjölmiðlar og tækninýjungar	11
2.1 Eigindlega rannsóknin	12
3. Heimildamyndir	20
3.1 Tegundir og tilgangur heimildamynda	20
3.2 Myndbandsblaðamennska.....	21
4. Gerð heimildamyndar um Team Spark.....	23
4.1 Af hverju Team Spark.....	23
4.2 Hvers vegna valdi ég að gera heimildamynd.....	24
4.3 Hvernig fór ég að?	24
4.4 Heimildaöflun	25
4.5 Handritavinnsla.....	25
4.6 Hljóðheimur	25
4.7 Kvikmyndataka.....	26
4.8 Klipping og eftirvinnsla.....	27
5. Lokaorð.....	28
Heimildaskrá.....	30
Viðauki.....	31

1. Inngangur

Þegar ég hóf meistaranám í blaða- og fréttamennsku kom í raun aldrei neitt annað til greina en að lokaverkefnið mitt yrði heimildamynd. Síðan ég tók ákvörðun 2003 um að hella mér algjörlega út í kvikmyndagerð og fara í háskólanám í kvikmyndagerð í Svíþjóð, var það gert með þeim huga að styrkja heimildamyndaformið og bæta við kunnáttu mína á því sviði. Fyrir mér er sjónrænn miðill eins og heimildamynd besti valkosturinn þegar vekja þarf áhuga fólks og miðla til þeirra upplýsingum svo vel er tekið eftir og til að ná til stærri hópa. Ástæðan er sú að í því formi er frásögnin oft persónulegri og nálgunin er oft manneskjulegri sem vekur frekar áhuga fólks en kaldar, tilfinningalausar staðreyndir. Í heimildamyndum geta nefnilega viðmælendur gefið áhorfanda innsýn í upplifun sína og líf. Mig langaði að læra hvernig væri best að bera sig að við gerð slíkra mynda og hvaða viðhorf og siðferðislegar hugmyndir lægu að baki.

Tæplega áratug eftir að ég lauk námi mínu í Svíþjóð og flutti til Íslands, og eftir að hafa gert nokkrar heimildamyndir, skráði ég mig svo í meistaranám í blaða- og fréttamennsku til að öðlast enn meiri innsýn í vinnubrögð heimildamyndagerðarmanna. Samhliða náminu starfaði ég á fréttastofu RÚV sem klippari en færði mig svo um set og yfir í fréttaskýringaþáttinn Kveik sem stundar rannsóknarblaðamennsku. Þar starfaði ég með fólki sem var með áralanga, jafnvel áratuga reynslu af bæði heimildakvikmyndagerð og rannsóknarblaðamennsku og fljótlega var ég kominn með góð tök á þessari tegund blaðamennsku. Fyrir vikið gerði ég hlé á náminu enda voru verkefnið sem ég vann að hjá Kveik stór og viðamikil og kröfðust sum hver ferðalaga til fjarlægra landa. Þetta var afar krefjandi starf sem var undir mikilli smásjá almennings þannig að ekkert mátti út af bregða. Við hvert verkefni var vandað virkilega vel til verka og hvert einasta atriði í hverjum þætti valið gaumgæfilega og af gagnrýni.

Heimildamyndin sem ég gerði sem lokaverkefni var allt öðruvísi efni en það sem við gerðum í Kveik. Í myndinni fylgi ég eftir liði Háskóla Íslands í Team Spark, en það samanstendur af nemendum á verkfræði- og náttúruvísindasviði sem þátt taka í alþjóðlegu verkfræði- og kappaksturskeppninni Formula Student (Institution of Mechanical Engineers, nd). Þau höfðu séð til minna verka fyrir háskólann og spurðu hvort ég væri til í að gera eitthvað um liðið. Mér fannst hugmyndin góð og áhugaverð og þá hugnaðist mér að gera lokaverkefni sem væri algjörlega gert innan háskólasamfélagsins. Þetta var metnaðarfullur hópur nemenda sem ég tengdi vel við og fannst því kjörið að gera mynd um þau og verkefnið þeirra. Ég hafði hins vegar ekki unnið sem VJ (myndbandsblaðamaður/video

journalist) þegar kom að gerð lokaverkefnisins og að því leytinu til er myndin frumraun mín á því sviði. Myndbandsblaðamaður eða Video Journalist er ákveðin gerð blaðamennsku þar sem blaðamaður gerir allt sjálfur, tekur upp myndefni, klippir það og kynnir. Blaðamennska af þessu tagi hefur orðið sífellt vinsælli enda kostnaður við slíka gerð sjónvarpsefnis oftast mun lægri en ef mörg koma að gerð fréttar. Það voru aðallega tvær ástæður fyrir því að ég ákvað að fara þá leið. Önnur var sú að mig langaði að spreyta mig á þessu formi og hin var sú að þannig fengi ég reynslu af öllum þáttum heimildakvikmyndagerðar. Mér fannst mikilvægt að læra sem mest af ferlinu og lokaverkefnið gaf mér kjörið tækifæri til þess.

Þegar ég hóf nám á sínum tíma var gert ráð fyrir að nemendur ynnu einhvers konar fjölmiðlarannsókn sem hluta af lokaverkefni. Ég fór því af stað með eigindlega rannsókn á áhrifum tækniframþróunar á fréttir og fjölmiðla. Ég tók nokkur viðtöl og sótti ráðstefnu um málið og var kominn með ágætan grunn. Það fór hins vegar svo að ég lauk ekki meistaranáminu á sínum tíma heldur setti ég það á ís á meðan ég var önnum kafinn í vinnu. Heimildamyndina kláraði ég og hún var á sínum tíma sýnd á RÚV en ég átti alltaf eftir að skila inn greinargerð með henni. Þegar ég heyrði svo af því að breyta ætti náminu og hætta að kenna blaða- og fréttamennsku á meistarastigi við Háskóla Íslands ákvað ég að drífa í að klára greinargerðina og ljúka loks náminu. Hér er afraksturinn.

Þessi greinargerð hefst á fræðilegum hluta greinargerðarinnar og er sá kafli sá sem helst veitir sýn á blaðamennsku í nútímatækniheimi. Kaflinn fjallar um þá eigindlegu rannsókn sem ég gerði á sínum tíma um áhrif tæknibreytinga á blaðamennsku. Kaflinn byggir á þeim heimildum sem ég hef aflað mér og fyrrnefndri rannsókn. Í öðrum kafla er fjallað um heimildamyndaformið, hvers vegna viðfangsefnið sem ég valdi varð fyrir valinu, hvaða áskoranir ég tókst á við og um hvað myndin fjallar. Því næst geri ég stuttlega grein fyrir forminu, mismunandi tegundum heimildamynda og af hverju það form sem ég valdi varð ofan á. Þá kemur kafli um gerð myndarinnar, þ.e.a.s heimildaöflun, viðtalstækni, kvikmyndatöku, handritavinnslu, hljóðheim, klippingu og eftirvinnslu. Greinargerðinni lýkur svo á lokaorðum þar sem ég fer aðeins yfir kosti og galla þess að starfa einn við gerð heimildamyndar.

Það hefur verið virkilega gefandi að vera í þessu námi og á sínum tíma, þegar ég var í því af fullum huga, lærði ég ótal margt sem gagnaðist mér verulega þegar ég hóf störf á RÚV. Það er líklega hægt að fullyrða að ég hefði varla náð eins langt og raun ber vitni nema vegna þess að ég hafði lagt stund á nám í blaðamennsku og kvikmyndagerð. Þótt

mér hafi ekki tekist, vegna anna, að ljúka á tilsettum tíma þá lærði ég mýmargt og bý að náminu ævilangt.

2. Fjölmiðlar og tækninýjungar

Á undanförunum árum hefur fjölmiðlaumhverfið á Íslandi breyst mikið og krafan um að framleiða fréttir og efni á sem sneggstan hátt hefur orðið meiri. Fólk vinnur jafnt fyrir útvarp, sjónvarp og vefmiðla og ætlast er nánast til að það kunni allt, að taka upp, klippa efni, afla heimilda, skrifa handrit og lesa inn á það. Tækninni hefur fleygt fram sem hefur haft mikil áhrif á vinnuumhverfi blaðamanna hér á landi (Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson, 2019). Tilgangur fjölmiðla er meðal annars að draga upp sem raunsannasta mynd af þjóðfélaginu (Lög um fjölmiðla, 38/2011). Fjölmiðlar hafa tekið miklum breytingum á undanförunum áratugum, sérstaklega með tilkomu veraldarvefsins og auknu aðgengi fólks að upplýsingum í gegnum vefsíður og samfélagsmiðla. Í leit minni að upplýsingum um áhrif tæknivæðingar á blaða- og fréttamennsku er margt sem kemur upp, allt frá því að Faraóar Egyptalands gáfu út sitt efni á Papýrus og frá svokölluðum „Köllurum“ (Herald) sem kölluðu upp tíðindi frá kónginum, til þróunar á prentvélinni og yfir í það sem ég ætla að fjalla um; internetvæðinguna og þróunina á stafrænu tækninni.

Það áttu sig ekki allir á því að internetvæðingin og stafræn tækni eru tvö ólík fyrirbæri sem þó þróast á sama tíma. Til að áttu sig á þessum mun verður fyrst að setja fram skilgreiningar á þessum hugtökum. Internetið er kerfi sem tengir saman tölvur og tölvunet um allan heim til að auðvelda dreifingu gagna, tölvupósts, skilaboða og mynd- og hljóðefnis til einstaklinga, hópa einstaklinga og almennings. Stafræn tækni er hins vegar tækni sem geymir gögn á tvíundar formi. Þetta geta verið upplýsingar sem gera kleift að geyma texta, ljósmyndir, grafík, myndbönd og hljóð (Küng, Picard & Towse, 2008).

Þegar efnið er komið á stafrænt form er hægt að túlka það, breyta og geyma í tölvum og svo þaðan er hægt að senda það yfir internetið á aðra, án þess að það verði fyrir breytingum. Með tilkomu internetsins og stafrænnar tækni hefur starfsumhverfi blaðamanna breyst og nú vinna þeir í nýju umhverfi. Þróunin hefur neytt blaðamenn til að horfa á blaðamennsku á nýjan hátt. Stafræn væðing efnis hefur skapað eftirspurn eftir stefnumótandi sjónarhornsbreytingu innan fjölmiðla- og samskiptageirans (Zerdick, Picot, Schrape ofl. 2005).

Einn af fyrstu lærðu mönnum til að rannsaka sambandið á milli blaðamennsku og tæknipróunnar var John V. Pavlik en að hans mati hafa tæknibreytingar haft áhrif á blaðamenn á að minnsta kosti fjóra vegu: (1) hvernig blaðamenn vinna starf sitt; (2) eðli fréttæfnis; (3) uppbygging og skipulag fréttastofu; og (4) eðli sambandsins milli og meðal fréttastofnana (Küng, Picard & Towse, 2008).

Margar rannsóknir á sambandi blaðamennsku og þróunar internetsins sýna fram á gríðarlegar breytingar á vinnuverklagi blaðamanna og þá helst að internetið er orðið mikilvægur og stór þáttur í upplýsingasöfnun blaðamannsins. Þá hlupu margir fjölmiðlar til og hösluðu sér völlum á netinu. Bent hefur verið á að eftir klaufalegar tilraunir til að nýta þennan nýja vettvang til auglýsingar og efnisframleiðslu á netinu þá varð að lokum ljóst að veraldarvefurinn og ný samskiptatækni myndi leiða til nýstárlegra leiða til að búa til og dreifa efni (Paperson & Domingo, 2008). Það hefur svo sannarlega komið á daginn.

Til urðu nýjar stöður á fjölmiðlunum eða fólk annað hvort færðist til eða var látið hætta. Þótt breytingar séu oft til hins betra, þá eru því miður slæmar hliðar á þessari þróun og það er hvernig verklag fréttamanna hefur þróast. Með fækkun starfsfólks og uppsögnum á ritstjórnnum eru færri blaðamenn að framleiða efni en áður og þeir þurfa að framleiða meira en áður var til dæmis fyrir ljósvaka- og netmiðla samtímis. Krafan er einnig sú að fréttafremleiðsla sé stunduð allan sólarhringinn allt árið um kring. Það hefur verið talið hvetja blaðamenn til að treysta meira á almennar fréttahemildir og gamalreyndar aðferðir til að auka framleiðslu fréttar. Þá hefur þróunin verið talin stuðla að því að fréttasíður noti fréttir af öðrum miðlum og geri að sínum eða jafnvel noti sömu myndir og sömu orð og tilvitnanir og aðrir fréttamiðlar til að framleiða meira. (Curran, James, 2016). Með tilkomu internetsins og þróun á hinu stafræna formi hefur það leitt til niðurskurðar í bæði fjármagni og mannafla, meiri pressa er á hvern fréttamann að klára sitt efni undir ákveðnum tímamörkun og fjöldi fréttar hefur aukist sem oft á tíðum leiðir til minni gæða í hinni hefðbundnu blaðamennsku.

Abbott Joseph "A. J." Liebling, blaðamaður á The New Yorker, sagði eitt sinn að aðeins eigendur fjölmiðla gætu tryggt frjálsa fjölmiðlun. Nú með tilkomu netsins og þar af leiðandi bloggsins má segja að milljónir manna í dag séu orðnir útgefendur. Fátt sé því til fyrirstöðu nú að bæði bloggarar og borgarablaðamenn setji fram sína eigin túlkun á tiltækum gögnum samkvæmt sinni eigin reynslu frekar en viðurkenndri, faglegri blaðamennsku (Paterson & Domingo, 2008). Hættan er því sú að úr verði upplýsingaóreiða og mistúlkun gagna.

2.1 Eigindlega rannsóknin

Þegar ég hóf nám í blaða- og fréttamennsku árið 2013 var hluti af náminu að gera rannsókn sem tengdist fjölmiðlum. Vissulega er langt um liðið síðan ég gerði mína rannsókn en mér þótti samt mikilvægt að koma til skila nokkrum atriðum um hana sem eiga enn við og styðja við umfjöllun mína.

Til að byrja með þá er best að gera grein fyrir minni stöðu í þessari rannsókn. Fljótlega eftir að ég hóf námið fór ég í starfsnám á fréttastofu RÚV í nokkra daga þar sem ég kynntist bæði fréttamönnum og tæknifólki sem vann á fréttastofunni. Það endaði með því að þáverandi yfirmaður tæknisviðs RÚV, Viðar Oddgeirsson, bað mig um að senda sér ferilskrána mína. Nokkrum vikum seinna, eða í apríl 2013, var mér boðið fullt starf á fréttastofunni sem fréttaklippari en svo tveimur árum seinna var ég orðin fréttapróducent. Því ber að hafa í huga að sem starfsmaður fréttastofu RÚV samhliða námi mínu, þá öðlaðist ég gríðarlega reynslu, kunnáttu og þar með áhuga á mörgu því sem fylgir því að starfa inni á fréttastofu og þá sérstaklega tæknilegum hliðum starfsins þar sem það hefur verið grunnurinn að því sem ég geri. Að auki vil ég koma því á framfæri að fyrir nám mitt í blaða- og fréttamennsku þá starfaði ég frá 2006 sem sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmaður þar sem ég vann að miklu leyti að ýmsum heimildamyndum og þróaði með mér starfshætti þar sem ég tók að mér öll hlutverk sem krafist er til framleiðslu myndræns efnis.

Til að skoða betur áhrif tæknivæðingar á blaða- og fréttamennsku ákvað ég að ræða við nokkra vel valda einstaklinga sem þekkja vel til fréttavinnslu í sjónvarpi, bæði reyndra einstaklinga, suma með 40 ára sögu í sjónvarpsfréttamennsku og svo þá sem nýrri eru og hafa tileinkað sér vinnubrögð sem fjallað er um. Viðtölin eru öll við starfsfólk fréttastofu RÚV og eru nokkrar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi vegna þess að ég hafði auðveldan aðgang að starfsfólki fréttastofunnar þar sem ég var sjálfur starfsmaður þar. Í öðru lagi vegna þess að fréttastofa RÚV er fyrsta fréttastofa Íslands til að framleiða fréttir í sjónvarpi og þar af leiðandi með gríðarlega reynslu og þekkingu. Í þriðja lagi vegna þess að sú þróun sem hefur átt sér stað á fréttastofu RÚV er í grunninn eins og sú sem hefur átt sér stað á öðrum sjónvarpsfréttastofum á Íslandi. Sem starfsmaður fréttastofunnar bjó ég yfir meiri nánd við viðmælendur mína og skilning á vinnu þeirra en ella. Að sama skapi þá tel ég ekki að með því að ræða við samstarfsfélaga mína hafi ég að einhverju leyti skapað umhverfi sem væri neikvætt fyrir rannsóknina þar sem viðmælendurnir eru vanir því að byggja svör sín á yfirvegaðan og rökrænan hátt sem starfsmenn á fréttastofu.

Ég settist því niður með þeim Boga Ágústssyni, fréttamanni á RÚV og fyrrverandi fréttastjóra fréttastofu Sjónvarpsins, Rakel Þorbergsdóttur, fyrrverandi fréttastjóra RÚV, Tinnu Magnúsdóttur, yfirframleiðanda fréttastofu RÚV, Láru Ómarsdóttur, fyrrverandi vefritstjóra fréttavefnis á ruv.is og fyrrverandi fréttamann RÚV, Höllu Ólafsdóttur sem starfaði sem VJ á RÚV Vestfjörðum, Rúnari Snæ Reynissyni, VJ á RÚV Austurlandi og

Ragnari Santos, sérfræðingi tæknimála hjá RÚV, fyrrverandi myndatökumann á RÚV og framleiðandi. Að auki talaði ég við Bergljótu Baldursdóttur, sem var fréttamaður á RÚV í áratugi, Vilhjálm Þór Guðmundsson sem var fréttatökumaður RÚV í áratugi, Jónatan Fjalar Vilhjálmsson, sérfræðing í klippingum innan RÚV og Jón Alfreð Hassing Olgeirsson, sem var fréttaklippari á RÚV.

Ég kem ekki til með að setja inn öll svör hér en stikla á stóru á því sem fram kom í máli þeirra og sýnir svo ekki sé um villst að tæknibreytingar hafa breytt fréttavinnslu verulega. Mín tilfinning og reynsla, bæði sú sem ég hafði öðlast á RÚV og sú sem ég hafði kynnst sem sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmaður var sú að tæknivæðing, tæki og tól, sem eiga að auðvelda fréttamönnum vinnu sína gætu haft neikvæð áhrif á fréttagerð og mig langaði að skoða hvað það er í eðli tækninnar og framþróun hennar, og þeirra aðstæðna sem hún skapar, sem gæti gert það að verkum að sú væri raunin.

Í grunninn má ætla að sjónræn frétt, frétt sem byggist á uppteknu efni í gegnum myndavél, sé í raun form sem er frekar fast í sínum skorðum, en svo er víst ekki. Á upphafsárum Sjónvarpsins var vaninn að auk fréttamanns, fylgdu kvikmyndatökumaður, hljóðmaður og oft á tíðum pródúsent og skrifta með í fréttaoöflunina. Þrífætturnir voru þungir sem og myndavélarnar og oft var aðstoðarmaður tókumanns með í fréttatökum. Svona lýsir Bogi Ágústsson, fréttamaður þessum tíma: „Ég man eftir að einhvern tímann þegar við vorum í upptökum, að taka standup, þá ákvað kameru meistarinn að færa myndavélina um svona 2 metra. Og hann tók hana ekki og lyfti henni á þrífæti og færði hana heldur var það „assistansinn“ sem gerði það. Sko tók myndavélina af fætinum, lagði hana til hliðar, færði þrífótinn um tvo metra og setti síðan allt þetta upp aftur. Þannig að það var allt mjög þungt í vöfum. En við héldum áfram, vegna þess að þetta voru þung og erfið tæki til að byrja með og sérstakt hljóðband sem hljóðmaður rúllaði eftir sér. Sem var tengt með kapli við tökuvélina,“ segir Bogi og bendir á að tæknilega séð hafi efnið ekki verið mjög gott.

Á fyrstu dögum sjónvarps voru notaðar filmur og öll klipping tók miklu lengri tíma, var vandasamari og dýrari. „Það tók alltaf dálítinn tíma að framkalla filmurnar og gera þær klárar til útsendingar. Og ef þú ert hérna með viðtal þá þyrfti náttúrulega synca hljóðband og filmuna saman. Þannig að prósessinn var miklu seinlegri og þyngri í vöfum,“ segir Bogi. Með tækniframförum hefur orðið bylting í þessum efnunum og ekki þarf lengur hóp fólks til að taka upp efni. Þegar stafræna tæknin bættist við varð enn þá einfaldara að búa til sjónvarpsefni. Það þýddi að fólki var sagt upp, fólki sem fréttastofur töldu sig ekki lengur

hafa þörf fyrir. Bogi var að vinna í Danmörku þegar fyrstu slíku breytingarnar fóru í gegn þ.e. þegar danska ríkissjónvarpið, DR, færðu sig úr filmum yfir í myndbönd og fækkaði tökumönnum. Óánægjan með þessar breytingar var gríðarleg innan DR, segir Bogi og bætir við: „svo mikill að það voru skemmdarverk á bílum. Þegar þau komu í vinnu á morgnana og ætluðu að fara út í fréttaoöflun þá var búið að skera öll dekkinn á eyðileggja dekkinn á bílunum. Þetta virkilega var hörð verkalýðsbaráttu þarna.“ Rakel Þorbergsdóttir, man einnig eftir þeim tíma þar sem blaðamennskan var öðruvísi en hún starfaði á RÚV í meira en 25 ár. „Þá var enginn að klippa eða koma nálægt vinnslu. Þú bara fórst út með tökumanni og hann bara græjaði þetta. Svo komst þú í hús og jú þú spilaðir spóluna til að finna þá viðtalsbúta sem þú ætlar að nota og myndir, en sjálf tæknivinnslan, fréttamaðurinn kom ekkert nálægt því og það er náttúrulega eitt af því sem hefur breyst töluvert mikið en á eftir að breytast enn meira.“

Blaðamenn og fréttastofur hafa á undanförunum árum reynt að aðlagast sem best breyttri fjölmiðlanotkun fólks. Með tilkomu tækninnar getur í raun hver sem er verið sín fréttastofa og sú tíð, þegar fréttastofur voru fyrstar með fréttirnar, er eiginlega liðin. Til að undirstrika breytan heim í miðlun á fréttum má nefna að fyrstu myndir af eldgosinu í Holuhrauni í ágúst 2014 voru í beinni útsendingu fyrir alheiminn að sjá á vefmyndavél Mílu og þaðan fengu margir fyrstu fréttir af gosinu og svo seinna frá fjölmiðlum. Var það í fyrsta skipti hér á landi sem eldgos uppgötvast í beinni útsendingu.

Með aukinni tækni hefur hraði fréttavinnslunnar aukist mikið eins og áður hefur verið bent á. „Já, það eru allir farnir að segja fréttir og hraðinn er orðinn rosalega mikill sem hefur kosti og galla líka,“ segir Ragnar Santos. Hann bendir á að þá reyni meira á að blaðamenn sannreyni það sem sett er á netið áður en þeir grípi það sjálfir og geri úr því frétt: „Það hefur alveg gerst margoft þar sem, líka stórir miðlar, hafa farið með eitthvað sem er ekki rétt,“ segir hann og bendir á dæmi þar sem myndskleið af sprengingu sem átti að hafa átt sér stað í Rússlandi fór á flug í fréttum en svo kom í ljós að myndskleiðið var nokkurra ára gamalt.

Það fylgja því líka, að sjálfsögðu, ákveðnir kostir, að hraðinn sé meiri og tæknin betri. Til að svo megi verða, þurfa blaðamenn að aðlagast breyttum aðstæðum og tileinka sér tækninýjungarnar. Lára Ómarsdóttir, fyrrverandi vaktstjóri og fréttamaður á fréttastofu RÚV hefur verið dugleg að notast við tækninýjungar í starfi sínu. Skemmst er að segja frá því þegar hún flaug yfir eldgsið í Holuhrauni, ásamt föður sínum Ómari Ragnarssyni og tók stutt myndskleið á símann sinn og setti á Facebook vegginn sinn. Fréttastofa RÚV tók

svo þann hlekk og deildi á veggnum sínum en því myndskreiði var svo deilt áfram í rúmlega fimm þúsund skipti. „Með tækniframfarir hefur blaða- og fréttamennska breyst mikið. Fréttirnar berast hraðar til fólks og krafan um að koma fréttum í loftið sem fyrst verður sífellt meiri. Það gerir það að verkum að fréttamenn verða að vera tilbúnir til að miðla upplýsingum fljótt og örugglega. Ekki lengur er nóg að taka upp efni, afla upplýsinga og skrifa frétt sem svo er sögð síðar, heldur verður maður einnig að setja efnið sem fyrst á vef og samfélagsmiðla. Þótt enn vanti uppá að fréttin sé fullunnin þá þarf fréttamaður samt að koma aðalatriðunum frá sér jafnvel innan örfárra mínútna.“ Lára bendir einnig á að þessi þróun sé áhugaverð og ekki allra að tileinka sér. Hún segir að hættan á mistökum sé meiri þar sem hraðinn er orðinn mjög mikill en að sama skapi þá berast fréttirnar hraðar og upplýsingarnar eru aðgengilegri fleirum og á fleiri stöðum. „Persónulega finnst mér þetta skemmtileg þróun og gefa vinnunni meiri vídd þótt vissulega geti verið erfitt að skrifa, segja, mynda, taka vídeó á síma, taka ljósmyndir, tala í útvarp, snappa, setja status og tveeta allt í einu.“

Þá höfum við farið yfir tilkomu netsins og stafrænnar tækni og hversu mikil áhrif hún hefur haft á blaða- og fréttamanna umhverfið. Fyrir mér kristallast það í hversu auðvelt það er í raun og veru að vera eins manns her sem heilt sjónvarpsteymi. Rúnar Snær Reynisson, fréttamaður RÚV á Austurlandi hefur verið að gera tilraunir með að taka upp sjónvarpsfréttir, klippa þær og gera alla vinnslu á farsímamann sinn. Sendir fréttirnar svo í gegnum símann beint á netið eða á fréttastofuna og þaðan í sjónvarpsútsendinguna. Hann segir að það geti verið mjög frelsandi fyrir fréttamann að hafa svona tæki í vasanum og að geta sinnt ákveðnum viðburðum á vefnum. „Áður en ég byrjaði að taka á símann þurfti ég að burðast með 20 kíló af búnaði, þrífót, hljóðnema og myndavél til að taka upp sjónvarpsfrétt sem sjóða þurfti niður í 90 sekúndur. Núna get ég með mun minni fyrirhöfn útbúið kannski 5 mínútna innslag á vefinn þar sem efnið fær að njóta sín betur.“ Rúnar nefnir sem dæmi að mun styttri tíma taki að vinna efnið á símann heldur en að notast við myndavél og svo klippistæðu: „Einu sinni var ég á Breiðdalsvík í efnisöflun og fór að sýna viðmælanda nýja fína símann minn og sagði honum að ég væri byrjaður að taka og klippa viðtöl og innslög á hann. Ég ákvað að athuga hvað ég gæti verið fljótur að taka eitt innslag, klippa og senda inn á ruv.is. Ég tók viðtal um ferðmannasumarið fram undan og miklar bókanir og um klukkutíma eftir að ég byrjaði að taka upp á símann var hægt að horfa á tilbúna myndskreytta frétt á ruv.is.“ Að lokum bendir Rúnar á hversu seinir vinnufélagar hans hafa verið að tileinka sér þessa tækni. „En það má heldur ekki gleyma því að það eru

mjög fáir fréttamenn í bransanum í dag sem taka sjálfir myndefni og klippa. Í starfi mínu sem fréttamaður RÚV á Austurlandi hef ég í nokkur ár þurft að taka og klippa nær allar sjónvarpsfréttir sem sendar hafa verið út frá Austurlandi. Það má segja að það fyrirkomulag að láta einn og sama manninn gera allt eigi stærri þátt í því að ég er að taka efni á farsímann í dag heldur en tæknin sjálf. Það er ekki nóg að hafa tæknina maður þarf að kunna að beita tækninni og þar hefur þetta strandað.“ Hann segir að fáir fréttamenn kunni að taka og klippa fréttirnar sínar sjálfir og að þrátt fyrir að þeir séu komnir með tæki í vasann sem þeir geta notað í slíka vinnslu þá sé það ekki nóg. „Það þarf að æfa sig, ráðast á verkefnið. Hjá RÚV hefur verið reynt að halda námskeið í því sem kallað er VJ en það hefur engu skilað. Kannski hefur fólki fundist 20 kíló af búnaði fráhrindandi tilhugsun og vonandi verður meira freistandi að iðka þetta sport þegar allt sem þarf kemst fyrir í vasanum eða lítilli hliðartösku.“

Með þessu móti getur einn maður sinnt öllum þessum störfum og það mikilvæga er að áhorfendur geta séð hvað er að gerast fréttæmt á hverjum stað í rauntíma hverju sinni á afskekktum stöðum. Eina sem þarf er sími, samband og auðvitað þekking. Skemmtilegt er að nefna frá eigin reynslu dæmi máli mínu til stuðnings. Þegar ég vann á RÚV gerði ég stundum fréttaráttal sem sýndur er á gamlárskvöld á RÚV. Við þá vinnu hefur maður kynnst fyrirrennurum sínum í þessari gerð og fengið að heyra sögur af því hvernig hlutirnir voru á árum áður. Allt frá því þegar annállinn var klipptur á filmu og þá var hver bútur, hver frétt, klippt af filmunni, og svo hengdur upp í loft þannig að hann lafði niður. Þannig mátti sjá óteljandi filmubúta lafandi úr loftinu. Framþróun í þessum árlega sjónvarpsþætti hefur verið gríðarlegur, frá þessari filmu notkun, yfir í myndbandstæknina og núna í dag, þar sem allt er stafrænt og gögn geymd á miðlægum gagnagrunni, þar sem allir geta horft á efnið allstaðar, hvar sem er og hvenær sem er. En þrátt fyrir það er vinnan sjálf, fréttavinnslan, jafn íburðarmikill liður sem tekur mikinn tíma.

Í starfi mínu í Kveik á RÚV sá ég glöggst hve mikið tækniframþróun hefur breytt starfsháttum. Myndavélarnar eru orðnar nettar og léttar og auðvelt er að stýra þeim. Einn maður getur tekið upp viðtal á þrjár myndavélar í einu. Einn maður stillir upp þeim öllum, setur hljóðnema á viðmælendur og setur upp lýsingu og tekur svo allt upp. Áður hefði þurft þrjá menn í myndatöku, einn á hverja myndavél, einn hljóðmann, einn aðstoðarmann og svo skriftu til að fylgjast með tímanum því annars hefði klippivinnan tekið of langan tíma. Þá hefði þurft klippara þegar í hús er komið. Tækniþróunin hefur því gert það að verkum að færri starfa við gerð þátta eins og Kveiks sem og fréttar. Alvöru fréttavinnslu og

rannsóknarblaðamennska tekur enn sinn tíma en aðgengi að upplýsingum er meiri og auðveldara er að hafa upp á fólki en áður með tilkomu samfélagsmiðla.

Slíkar tæknibreytingar og einfaldanir á störfum í fréttum geta þó komið niður á gæðum efnisins. Myndefni sem tekið er af fólki sem ekki hefur grunnkunnáttu í kvikmyndagerð verður tæpast jafn gott og efni sem tekið er af fagmönnum. Þá er ekki öllum gefið að læra inn á nýja tækni eða að tileinka sér hana. Á þetta bendir Vilhjálmur Þór Guðmundsson, fyrrverandi fréttatökumaður á RÚV. Hann segir alls ekki öllum gefið að taka góðar myndir. Myndefnið í fréttum skipti gríðarlega miklu máli og þurfi að vera gæðafni. Fréttir geymi sögu lands og þjóðar og því þurfi að vanda til verka. Ef einn maður eigi að gera allt þá hafi hann minni tíma til að tileinka sér hvert og eitt atriði. „Einn maður sem á að sjá um hljóð, myndatöku, klippingu, lýsingu og texta. Hann hlýtur að hafa minni tíma í hvert og eitt atriði og vera minna þjálfaður,“ segir hann.

Hugmyndin um að tækniþróunin einfaldi verk blaðamanna og kosti minna vekur upp þá spurningu hvort ekki fylgi því þá meira álag að sinna blaðamennsku nú en áður. Rakel bendir á að á meðan svona breytingar ganga eins hratt yfir og hefur verið þá finnist fólkið það vera undir miklu álagi enda vinnuumhverfið alltaf að breytast. „Menn átta sig ekki á að sumt af þessu álagi er það sem fylgir því að læra eitthvað nýtt, að starfið er að þróast og það er í svona töluvert mikilli þróun og það er verið að gera miklu meiri svona tæknilegar kröfur til fréttamanna heldur en nokkru sinni áður þannig að þeir þurfa að vera svo fjölhæfir,“ segir hún. Þá hafi endalaus niðurskurður og fjársveltí gert erfitt fyrir og svigrúmið lítið til að læra nýja hluti.

Lára bendir á að með tilkomu vefsins sé krafan sú að fréttum sé skilað allan sólarhringinn, allt árið um kring: „Það er í rauninni bara allan sólarhringinn „deadlines“. Eiginlega bara um leið og fréttin er tilbúin þá fer hún út og þú ert alltaf að flýta þér til að vera á undan hinum en samt viltu vera vandvirkur í leiðinni.“ Hún segir að í raun sé ekki hægt að vera á undan, nóg sé að koma frétt út um svipað leyti og hinir miðlarnir. Best sé samt að halda stóískri ró sinni, vanda til verka og hún minnir á að forsjá sé oft betri en kapp. „Það er betra að halda kúlinu og vanda okkur því það skiptir svo miklu máli upp á traust og trúverðugleika að við séum ekki að henda einhverju út sem er illa unnið og kannski með villum í og svoleiðis.“ Sem dæmi segir Lára að RÚV hafi eitt kvöldið ákveðið að gera frétt um að sú saga gengi á Facebook að það væri ekki til bóluefni við mislingum. Þegar haft var samband við landlækni kom í ljós að þetta var kjaftasaga. Hún segir að nú berist fréttir hvort sem er oft fyrst frá fólki sem er á staðnum í gegnum samfélagsmiðla.

„Við gerum frétt um það að sú saga sem gangi á Facebook sé röng frétt og það er líka hlutverk fjölmiðla að taka þessar upplýsingar, sannreyna þær og segja fólki sannleikann.“ En stundum eru fréttirnar oft sagðar fyrst af fólki sem upplifir þær og sagðar um leið og þær gerast. Lára nefnir sem dæmi þegar hryðjuverkin voru framin í Útey þá hafi fyrstu fréttir borist frá fólki þar í gegnum Twitter. „Það var þá kannski frekar fjölmiðla að taka saman brotin, myndskaiðin og myndirnar og setja í samhengi, púsla þeim saman í einhverja heild, ná einhvers konar heildarsýn.“

Rakel og Lára vona báðar að tækniþróunin og þetta gríðarlega mikla aðgengi að fréttum og fréttatengdu efni verða til þess að blaðamennska fari aftur til þess tíma þegar blaðamenn fóru á dýptina, köfuðu í mál og skrifuðu færri fréttir. Að þróunin verði sú að skrifa færri fréttir á dag en ítarlegri og betri.

3. Heimildamyndir

Heimildamyndir eru eitt form blaðamennsku og hafa notið ákveðinnar virðingar innan blaðamannastéttarinnar. Heimildamyndir geta verið eins konar gluggar inn í líf fólks. Talið er að fyrsta heimildamyndin hafi verið gerð árið 1895 þegar bræðurnir Louis og Auguste Lumière mynduðu ráðstefnu í París en seinna fékk formið sterkari sess þegar John Grierson gerði heimildamyndina *Drifters* til að hafa áhrif á bresk stjórnvöld og fá til að stofna sérstaka heimildakvikmyndadeild innan *Empire Marketing Board*, sem var umboðsskrifstofa fyrir dreifingu matvæla og stýrði átaki í ræktun og jarðvegsvinnslu. Deildin varð að veruleika og má segja að með henni hafi heimildamyndaformið fest í sessi (Nichols, Bill, 2001).

3.1 Tegundir og tilgangur heimildamynda

Oft hefur verið reynt að skilgreina tegundir heimildamynda eftir efnistöfum. Vinsælust er flokkun kvikmyndafræðingsins Bill Nichol's, sem hann setti fram árið 1991 í bókinni *Representing Reality: Issues and Concepts in Documentary* (Plantinga, 2005). Samkvæmt honum eru flokkarnir sex.

Fyrst ber að nefna ljóðrænar myndir (Poetic). Ljóðrænar myndir eru helst ekki línulegar samfellur og oft er engin frásögn en kvikmyndagerðarmaðurinn reynir að fanga efni sem svo er klippt saman til að segja ákveðna sögu án texta.

Þá eru til myndir sem eiga að skýra eitthvað út. Í þeim er reynt að sýna eitthvað ákveðið sjónarhorn eða leysa ágreining með því að endurskapa og segja frá, skoða mál frá mörgum hliðum eða notast við texta. Segja má að það efni sem ég vann fyrir Kveik á RÚV sé af þessum toga. Í þessum myndum má nota gamalt efni eða endurgera atburði og oft eru sýnd skjöl eða gögn til að varpa ljósi á viðfangsefnið. Talað er inn á slíkar myndir eða þá að blaðamaður kemur fram í myndinni til að leggja áherslu á ákveðin atriði.

Eins eru til heimildamyndir þar sem blaðamaðurinn er hluti af frásögninni og tekur þátt í því sem þar fer fram. Þær mætti kalla þátttökuheimildamyndir (Participatory). Kvikmyndagerðarmaðurinn tekur þátt ýmist með því að vera spyrill eða jafnvel viðmælandi. Þessar tegundir mynda eru einnig oft sagðar gagnvirkar og sýna oft þá hlið sem kvikmyndagerðarmaðurinn sjálfur vill að komi fram eða hans skoðun. Dæmi um slíkar myndir eru til dæmis myndir eftir Michael Moore.

Þá eru til heimildamyndir þar sem kvikmyndaþökumaðurinn reynir að vera eins konar fluga á vegg og ná því sem gerist án þess að hafa áhrif. Kalla mætti þessa gerða áhorfsmynd

(Observational). Þessi tegund hefur lengi þótt sú eina sanna eða sú tegund sem kemst næst því að segja sannleikann. Þekktara nafn á þessari gerð er Cinema Vérité eða sannleiks kvikmyndir.

Til eru heimildamyndir sem fjalla um samband kvikmyndagerðarmanns við áhorfandann. Þetta eru svona bak við tjöldin myndir og kallast á ensku Reflexive. Að auki segir Nichol's að til séu svonefndar frammistöðumyndir (Performance) en þá tekur kvikmyndagerðarmaðurinn upp eigin reynslu á einhverju og kemur því til skila eins og til dæmis að borða hamburgara í heilan mánuð og mynda breytingar á eigin líkama, segja frá líðan sinni og koma til skila til áhorfandans.

Við gerð heimildamynda er oft öllum eða einhverjum þessara gerða blandað saman og stundum stuðst við að vera áhorfandi og stundum að vera þátttakandi eftir því sem við á. Tilgangur heimildamynda er að mínu mati að segja rétt frá þeim atburðum sem eiga sér hverju sinni, hvort sem atburðurinn er úr fortíðinni eða ekki, en samt meðhöndla efnið þannig að það veiti áhorfendann áhugaverða upplifun. Þá nálgun notaði ég við gerð minnar myndar og reyndi að blanda saman því að vera fluga á vegg og að leyfa viðfangsefninu að segja frá og leiða frásögnina.

3.2 Myndbandsblaðamennska

Myndbandsblaðamaður eða Video Journalist er ákveðin gerð af blaðamennsku þar sem blaðamaður tekur upp myndefni, klippir það og kynnir annar hvort í mynd eða með lestri yfir mynd og hefur þessi tegund blaðamennsku orðið sífellt vinsælli enda kostnaður við slíka gerð sjónvarpsefnis oftast lægri en ef margir koma að gerð fréttu. Segja má að forveri myndbandsblaðamennsku sé þegar fréttamenn fóru á vettvang og þurftu að vera fljótir til. Tóku þeir þá gjarnan sjálfir myndir með fréttum sínum en þegar fyrsta þráðlausa myndbandsupptökuvélin kom á markað frelsaði það mikið til blaðamenn og sjónvarpsstöðvar og urðu þær færanlegri. Það þýddi að hægt var að bregðast hratt og örugglega við atburðum án mikils viðbúnaðar eða tilkostnaðar.

Árið 1988 kynnir sjónvarpsframleiðandinn Michael Rosenblom fyrst hugtakið video journalism eða VJ og hann stofnaði fyrstu VJ fréttastöðina í New York á NY1 (Rosenbloom, R.S, & Cusumani, M.A. 1987) Fljótlega skutu upp kollinum fleiri slíkar og fyrsta sjónvarpsstöðin í heiminum til að nota eingöngu VJ var TV Bergen í Noregi. Roseblom þróaði hugmynda frekar og stofnaði fyrstu sjónvarpsstöðina sem eingöngu notaðist við VJ og á hinum Norðurlöndunum tóku stöðvar eins og TV 3 Norway, TV3 Sweden og TV3 Denmark upp slíkt verklag. Um svipað leyti byrjaði CITY-TV í Toronto

að aðlaga hugmyndirnar um VJ blaðamennsku fyrir CityPulse fréttatímann og aðra þætti sem framleiddir voru á stöðinni (Wikipedia. 2023).

Áhrifa VJ blaðamennsku fór líklega fyrst að gæta á Íslandi seint á síðustu öld með efni sem fréttamaðurinn Ómar Ragnarsson tók upp sjálfur. Vakti það athygli að hann myndaði og jafnvel tók upp sjálfan sig við ýmsar aðstæður eins og við náttúruhamfarir. Síðar fór þessi grein á meira flug og má til dæmis nefna að á sjónvarpsstöðinni NFS voru ráðnir inn fréttamenn sem áttu eingöngu að sinna VJ blaðamennsku, þ.e þeir tóku upp og klipptu sitt efni sjálfir. Það var svo með tilkomu vefmiðla sem þessi gerð blaðamennsku varð enn vinsælli. Með tilkomu stafrænna myndavéla hefur þessi gerð blaðamennsku notið síaukinnar vinsældar í þeim hraða heimi sem fréttir lifa í.

4. Gerð heimildamyndar um Team Spark

Sumarið 2009 heyrði nemandi við Háskóla Íslands af verkfræðiverkefni við Institution of Mechanical Engineers sem kallast Formula Student. Formula Student er ein virtasta verkfræðinámskeppni Evrópu sem haldin er á ári hverju og átti 25 ára afmæli 2023. Verkefni þátttakenda er að þróa, hanna og smíða kappakstursbíl sem stenst allar þær ströngustu kröfur sem eru gerðar fyrir slíkum bíl. Að auki má nefna að lið Háskóla Íslands, Team Spark, tekur þátt í flokki bíla sem er knúinn rafmagni, en ekki sprengihreyfli.

Keppnin miðar að því að þjálfa framtaksama unga verkfræðinga og hvetja fleira ungt fólk til að hefja nám í verkfræði. Eftir að hafa heyrt af verkefninu ákvað nemandinn, Arnar Þór Lárusson, að stofna lið við Háskóla Íslands. Úr varð Team Spark og sumarið 2013 fóru nokkrir verkfræðinemar út að keppa. Þeir fóru þó ekki með bíl út í það sinnið heldur kepptu í hönnunarkeppni og enduðu í þriðja sæti. Ári seinna var því ákveðið að ganga lengra og fara út með fullbúinn og ökuhæfan bíl (Viðauki 1). Í dag samanstendur lið Team Spark af rúmlega 40 nemendum við verkfræði- og náttúrufræðisvið Háskóla Íslands. Fást nemendur við fjölbreytt og flókin verkefni sem eru mjög frábrugðin hefðbundnu námi við háskólann (Teamspark.is, 2024).

4.1 Af hverju Team Spark

Veturinn 2013-2014 var ég við nám í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Í náminu vann ég ýmis verkefni fyrir háskólann sem vakti athygli Team Spark. Þau nálguðust mig til að athuga hvort ég vildi gera eitthvað með þeim. Ég ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og fylgja liðinu allan veturinn og á Silverstone kappakstursbrautinni í Bretlandi þar sem þau kepptu fyrir hönd háskólans í Formula Student. Fyrir mér skipti umfjöllunarefnið ekki öllu máli þar sem ég var að skoða verklegu hliðina á heimildamyndagerð, þróunina og framkvæmd slíkrar myndar. Verkefni Team Spark var stórt innan háskólans og ég vissi að Team Spark hópurinn væri metnaðargjarn og að verkefninu yrði fylgt vel eftir.

Liðið fór út með bílinn TS14 sem var þriðji bíllinn sem Team Spark hafði búið til en sá fyrsti sem stóðst allar öryggisprófanir. Hann var byggður upp á svipaðan hátt og fyrri bílar en til að betrum bæta hann voru umsagnir dómara frá fyrri keppnum nýttar til gagns. Þetta var fyrirtakskaggi, sæti ökumannsins hallaðist aðeins aftur og sætið var búið til úr koltrefjum sem gerði bílinn léttari (Team Spark: Eldri bílar: Allir bílar frá upphafi, 2024).

4.2 Hvers vegna valdi ég að gera heimildamynd

Það kom aldrei neitt annað til greina í mínum huga en að gera heimildamynd enda fór ég í námið til að efla mig sem heimildakvikmyndagerðarmann. Þar sem ég er menntaður í kvikmyndagerð og heimildaformið innan þess geira hafði heltekið mig í áratug þá vissi ég að það var sú faglega aðferð sem ég sem blaðamaður vildi nota. Formið er kjörið til að sýna viðfangsefnið frá ákveðnu sjónarhorni og það er krefjandi nálgun á viðfangsefninu þar sem samband blaðamanns og viðfangsefnis má alls ekki verða persónulegt en þó verður að ríkja traust milli viðfangsefnis og blaðamanns. Það var þessi fína lína sem mig langaði að læra að ná tökum á.

4.3 Hvernig fór ég að?

Eins og fyrr segir þá er sjónrænn miðill eins og heimildamynd fyrir mér besti valkosturinn þegar vekja þarf áhuga fólks og miðla til þeirra upplýsingum. Mér finnst þetta form persónulegra og nálgunin manneskjulegri og það held ég að vekji frekar áhuga fólks heldur en kaldar staðreyndir. Í heimildamyndum geta nefnilega viðmælendur gefið áhorfanda innsýn í upplifun sína og líf. Ég fór í nám í kvikmyndagerð til að ná tökum á þessu formi og síðar skráði ég mig í meistaranám í blaða- og fréttamennsku í sama tilgangi. Það hentaði vel að gera mynd um Team Spark og nota það tækifæri til að þjálfa mig enn frekar í heimildamyndaforminu. Strax var ég ákveðinn í að gera allt sjálfur sem ég mögulega gat, það er að segja taka upp efnið, klippa það til, skrifa handritið og klára alla vinnslu. Ég ákvað líka að ég skyldi reyna eftir fremsta megni að vera fluga á vegg við gerð myndarinnar. Mig langaði að læra að gera allt svo ég gæti í framtíðinni verið minn eigin herra og stundað svokallaða myndbandsblaðamennsku (VJ).

Það voru nokkrir hlutir sem ég vildi skoða, rannsaka, þegar ég var að gera myndina, og þau snerust um þau tæki sem ég hafði aðgang að, þær takmarkanir, og svo hvernig ég myndi nota þau. Myndavélin sem ég hafði til umráða á þessum tíma tók ekki upp í UHD upplausn og heldur ekki í 50 römmum í HD. Þar sem mín ætlun var að sýna myndina á RÚV og þau voru ekki byrjuð að sýna í HD þá ákvað ég að taka hana upp í 720 50P formati. 720 formatið er mitt á milli SD, það formati sem Ríkisútvarpið var að senda út á þeim tíma, og HD. Þar að auki ákvað ég að taka myndina upp í 50p römmum en ekki hefðbundnum 25p eða 50i þar sem þá ætti ég möguleika á hægja á efninu án þess að hökt kæmi á myndefnið og þá gat ég líka búið til 25/50i útgáfu eins og venjuleg sjónvarpsútsending var á þeim tíma. Sem sagt að taka þetta upp í 720 50p gaf mér meira frelsi og valmöguleika í eftirvinnslunni.

4.4 Heimildaöflun

Vegna þess að ég var í grunninn að skoða vinnslu heimildamynda út frá tækni og getu sem eins manns her, VJ, þá þurfti ég ekki að rannsaka umfjöllunarefnið sjálft það mikið. Samt sem áður áttum við Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, sú sem stýrði Team Spark þetta árið og nálgadist mig upphaflega, nokkur ítarleg samtöl um hvað Team spark snerist og hvernig við sæjum myndina fyrir okkur. Við ákváðum strax að hún ásamt Aðalsteini Pálssyni yrðu aðal sögupersónurnar. Að auki ákváðum við að við gerð myndarinnar að nálgast og ræða við sem flesta sem að verkefninu stóðu og voru að hanna og smíða bílinn. Það gerði það að verkum að útkoman var fjölbreyttari og ítarlegri þar sem ég hafði úr svo miklu að móða. Hinn hlutinn af öflun heimilda eða upplýsinga um hvernig ég fór að snerist um tæknilega hlutann er varðaði framleiðslu myndarinnar.

4.5 Handritavinnsla

Liðinu gekk því miður ekki nógu vel úti, það náði ekki að keyra á brautinni sjálfri og þar með kynntumst við ekki öikumönnum liðsins eins og áætlað var. Þar með vantaði stóran hluta í myndina sem gerði það að verkum að tvísýnt var hvort myndin gæti orðið áhugaverð og því varð handritavinnslan flóknari. En það er hluti af því að gera heimildamynd, hlutirnir eru ekki skrifaðir í skýin og atburðarrásin gæti þróast í aðra átt en gert er ráð fyrir. Á móti kemur að þetta var fyrsta skiptið sem Team Spark mætti með fullbúinn bíl og gekk að öðru leyti vel. Þá hlotnaðist þeim þann heiður að fá nýliðaverðlaun keppinnar, sem varð því að einskonar hápunktur myndarinnar og sárabót fyrir allt sem hafði gengið á afturfótunum við að koma bílnum í gegnum allar prófanirnar. Ég ákvað að fara þá leið að segja söguna í réttu tímaröð þótt burðarviðtölin tvö hafi verið tekin upp eftir á, en viðtölin og viðmælendur þjóna því hlutverki sögumanns í gegnum myndina. Handritið varð hins vegar ekki til fyrir en á klippiborðinu, en þær línur sem ég lagði með í upphafi var að fylgja eftir liðinu eins mikið og ég gæti, og fá þau til að útlista því sem átti sér stað hverju sinni, og það var í raun það sem varð að veruleika.

4.6 Hljóðheimur

Við sköpun á hljóðheimi myndarinnar þá hafði ég í huga að nota bæði tónlist sem hafði bæði skírskotun í tækni, þá með takti og hrynjandi tónlistarinnar, og að auki átti hún að undirstrika tilfinningaheiminn, ýkja upp atburðarrásina og hafa áhrif á áhorfandann. Tónlist sem lýsir bæði hæðum og lægðum atburðarrás myndarinnar hverju sinni. Að lokum þar sem þetta er mynd um ungt fólk þá vildi ég nota tónlist sem höfðar til þeirra. Þess vegna valdi ég þónokkuð mörg ný lög með íslenskum hljómsveitum sem voru vinsælan meðal

hlustenda á háskólaaldri, lög eins og Glow, (O) Kami og Kimba með Retro Stefson, Salt með Mammút, Ég brenn með Dimmu, Góður í með Moses Hightower, Passion nights með Motion boys, Stripes og We are faster than you með FM Belfast, Supertime með Berndsen og Engill Alheimisins með Hjaltalín. Að auki fannst mér lögin Jump með Van Halen, Africa með Toto og Climbatize með Prodigy eiga heima í myndinni þar sem þau bjuggu til þá stemmningu sem ég sóttist eftir.

4.7 Kvikmyndataka

Eins og komið er inn á hér fyrr í greinargerðinni þá vildi ég þjálf mig í að vinna einn, það er starfa sem VJ. Allt burðar efni tók ég því upp sjálfur sem og öll viðtöl. Ég ákvað að fara þá leið að spurningar mínar myndu ekki heyrast og leyfa þannig viðmælendum að leiða frásögnina. Þá vildi ég nota aðferð sem er nokkuð áberandi í heimildamyndum og nokkrum leiknum myndum eins og Alive (1993) og Touching the Void (2003). Sú aðferð felst í því að láta viðmælendur horfa beint í myndavélina. Ástæðan er sú að augnsamband gerir samtöl eðlileg, við horfum oftast í augu þess sem við tölum við. Ef viðmælendur horfa út í tómið eða eitthvað annað en beint í myndavélina þá vantar þessa tengingu. Kvikmyndagerðarmaðurinn Woody Harrison lýsir því þannig að augnsamband sé óendanlega meira grípandi fyrir þann sem horfir á myndbandið. Það sé eins og að grípa í augun á einhverjum og sleppa ekki takinu (Woody Harrison, 2018). Þessi aðferð er ekki í miklum metum meðal blaðamanna og er ekki í anda Cinema Vérité eða sannleiksmynda.

Í blaðamennsku er oft litið svo á að blaðamaðurinn veiti viðfangsefninu trúverðugleika og sé einhvers konar hliðvörður efnisins. Ingi Ragnar Ingason, leiðbeinandi minn við myndinni vildi ekki að ég myndi nota þessa aðferð, en ég hef notað hana áður í nokkrum myndum sem ég hafði gert áður og reynst vel. Ég ákvað því að fara ekki að hans leiðbeiningum heldur halda mig við þennan stíl þar sem ég hafði áhuga á að læra betur inn á hann og sjá hvort mér tækist að ná tökum á þessari tækni. Það eru samt gallar á þessari aðferð. Viðmælendur er misgóðir í að tala beint í myndavél. Mörgum finnst það mjög erfitt og oft koma slík viðtöl illa út þar sem óöryggi skín oft í gegn. Viðmælendur mínir fannst mér samt standa sig mjög vel og öll samtölin eða viðtölin komu eðlilega út. Kannski er þetta líka að breytast aðeins með tilkomu snjallsíma þegar hvert og eitt ungmenni er orðið mjög vant því að mynda sjálft sig við alls konar aðstæður og orðið vant því að tala í eða við myndavél.

4.8 Klipping og eftirvinnsla

Í klippingunni verður í raun saga myndarinnar til. Þar sem liðinu gekk ekki sem skyldi í keppninni úti var tvísýnt hvort þetta yrði áhugaverð mynd yfir höfuð. Þegar ég hins vegar fór yfir allt myndefnið þá kom í ljós að sagan, með öllum sínum lægðum og hæðum, var í rauninni mjög áhugaverð. Þar sem ég tók viðtöl við all mörg úr liðinu, og nota þessa fyrstu persónu frásögn, þá varð til breidd í viðfangsefninu, uppbrot og fjölbreytileiki. Við fáum að kynnast liðsmönnum Team Spark mun betur og rauði þráðurinn í myndinni er að fylgja eftir háskólanemum standa með því sem þau höfðu unnið að, læra af mistökum og verða vitni að sigrum þeirra og ósigrum. Þegar myndin var farin að þróast á klippiborðinu þá tók ég þá ákvörðun að ég vildi fá tvo sögumenn til að segja frá ferlinu eftir á. Það vantaði nefnilega aðeins upp á að ég næði að koma söguna á framfæri með þeim viðtölum sem ég tók á meðan á ferlinu stóð. Ég bað þau um að lýsa ferlinu fyrir mér eins og það væri að gerast hverju sinni, sem sagt meðan á framleiðsluferli bílsins var í gangi. Þó er sá hluti sögunnar sem tekinn er úti á Silverstone brautinni allur sagður í rauntíma, þegar hún var að gerast (Viðauki 1).

Myndin spannar í rauninni heilt ár í sögu Teams Sparks, og endar með því að lið næsta árs frumsýnir TS 15, næstu útgáfu af bílnum, á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Myndin var svo fullkláruð og frumsýnd við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands þann 9. apríl 2015, meðal gesta var frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrverandi forseti Íslands, sem talaði fallega um myndina eftir sýninguna. Myndin var að lokum sýnd í Ríkisútvarpinu fimmtudaginn 11. Júní 2015 (Háskóli Íslands, 2015) en þá á sama tíma var Team Spark að fara að keppa á Silverstone aftur en þá með nýja bílinn sinn, TS 15. Ef ekki hefði komið til framþróunar á tækni hefði ég ekki getað gert heimildamynd um Team Spark. Til þess hafði ég hvorki fjármagn né mannskap. Bylting í stafrænni tækni, gerð snjalltækja og myndavéla hefur gert það að verkum að einn maður getur gert heila mynd. Einn maður getur sinnt sjónvarpsblaðamennsku kjósi hann að gera svo. Mögulega kemur það niður á gæðum efnisins hjá einhverjum, í því samhengi má nefna þau vandamál sem ég lenti í við gerð myndarinnar Team Spark.

5. Lokaorð

Það að fylgja eftir svona stórum hópi í rúmt eitt ár skapar vandamál því það getur verið erfitt að vera alltaf til staðar að taka upp þegar þess þarf. Því fékk ég einstaka sinnum hjálp frá félögum mínum að grípa inn í og taka upp senur þegar ég komst ekki. Þeir voru samt alltaf einir þegar þessar tækur áttu sér stað og þar með hélt ég mig við það að einn maður gæti gert allt. Í myndatökunum á Silverstone í Bretlandi ákvað ég þó að hafa með mér auka tökumann, ekki til þess að aðstoða mig, og vera með mér við að taka upp senur, heldur ákvað ég að skipta verkefninu úti í tvennt. Einn eltir liðið, tekur upp viðtölin og fylgir sögunni eftir en hinn myndi sjá um að taka upp það sem var að gerast almennt á svæðinu, taka upp time-laps, mynda brautina sjálfa, bíla keyra á brautinni, sem sagt allt lífið sem átti sér stað fyrir utan það sem liðið sjálft var að gera hverju sinni. Ég ákvað að fylgja liðinu og taka viðtölin en ég fékk samstarfsfélagi minn á RÚV, Jón Alfreð Hassing Olgeirsson, myndatökumann og klippara, til að ná þessum aukaskotum, lífinu og fjölbreytileikanum, sem ég hefði annars ekki getað fangað sem einn maður fastur allan tímann með liðinu sjálfu.

Að auki þegar það kom að því vinna úr öllu efninu, tugi klukkutíma af myndefni, þá getur það reynst frekar yfirgripsmikið, flókið og tímafrekt. Einnig getur það reynst vera jákvætt fyrir verkefnið að fá álit annara, þá sérstaklega einstaklinga sem þekkja til myndefnisins, til að vinna úr því og veita manni innblástur og aðrar hugmyndir að því hvernig sé best að vinna úr öllu myndefninu. Því fékk ég aftur félagi minn af RÚV, Jón Alferð Hassing Olgeirsson, með að veita mér innblástur og aðstoð við það hvernig væri best að setja kaflann sem var tekinn upp á Silverstone saman, því betur sjá augu en auga.

Niðurstaðan mín er því sú að það fylgja því kostir og gallar að vinna einn að gerð heillar myndar eins og þegar hefur verið útskýrt. Að mínu mati er gott að geta gripið til þess að vinna einn en það getur aldrei komið alveg í staðinn fyrir hina hefðbundnu teymisvinnu blaðamenskunnar.

Þessi reynsla mín að vinna að mestu leyti einn að svona stóru verkefni var í rauninni mjög krefjandi. Þá sérstaklega þar sem ég var að vinna með svona stórum hóp af fólki, vitandi að verkefni ætti að standast allar þær gæðakröfur sem voru settar með myndinni, að hún væri boðleg fyrir sýningu í sjónvarpi. Þó að ég hefði gert nokkrar myndir áður, þá var ég samt nýgræðingur í faginu og ennþá að finna mig í því. Ég hef öðlast gríðarlega reynslu síðan þá. Vil ég sérstaklega nefna þau ár sem ég var framleiðandi í Kveik á RÚV og gerði innslög eins og *Vændi á Íslandi*, *Fátækt á Íslandi*, *Vinumannsal á Íslandi*,

Eimskipsmálið og Samherjaskjölin, en fyrir *Samherjaskjölin* öðlaðist mér sá heiður að fá Blaðamannaverðlaunin.

Nú 10 árum eftir að ég gerði myndina um Team Spark, þegar ég loksins klára þessa ritgerð og horfi á myndina með ferskum augum og með alla þá reynslu sem ég hef öðlast síðan, sé ég hvað ég hefði getað gert betur. Í fyrsta lagi er myndin allt of löng, endurtekur sig of mikið á köflum og er full dramatískt, þá bæði val á tónlist og hvernig hún er notuð. Að auki eru nokkur skot ekki nægilega vel í fókus, en það er í raun bæði vegna þess að myndavélin sem ég var að nota var ekki sú heppilegasta fyrir þetta verkefni, hún var ekki eins góð með að halda fókus eins og þær myndavélar sem eru í boði í dag fyrir svipaðan pening. Að auki þá er vandamál þegar maður er VJ, að gera allt sjálfur, þá getur maður ekki horft í gegnum myndvélinna öllum stundum, þegar maður er líka að taka viðtalið og passa upp á að allt sé rétt stillt í myndavélinni.

Árin mín í Kveik, þá sérstaklega með leiðsögn frá einum reyndasta heimildagerðarmanni Íslands, Arnari Þórisssyni, gerði það að verkum að ég þroskaðist hratt og varð enn betri í því sem ég lagði upphaflega upp með, með þessu námi mínu í blaða- og fréttamennsku, að verða fullfær fagmaður í þessu fagi. Það eru til menn sem eru fullfærir um að taka upp, hljóðsetja, lýsa, taka viðtöl, klippa og fullvinna heila kvikmynd af mikilli fagmennsku en ætli það fari ekki betur á því að vinna einnig með öðrum af og til eða í það minnsta fá álit annarra. Þrátt fyrir að vissulega geti blaðamenn starfað farsællega sem VJ þá tel ég slíka blaðamennsku aldrei eftir að taka alfarið við af hefðbundinni blaðamennsku heldur eingöngu verða viðbót sem auðgar stéttina og gerir hana fjölbreyttari.

Heimildaskrá

- Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson. (2019). Journalistic Professionalism in Iceland: A Framework for Analysis and an Assessment. *Journalism*, 20(12), bls. 1684-1703. <https://doi.org/10.1177/1464884917695416>
- Curran, James. Fenton, Natalie. Freedman, Des. 2016. *Misunderstanding the Internet*. Routledge, London.
- Harrison, Woody. 2018. *What are you looking at?*
<https://www.woodyharrisonfilms.com/post/what-are-you-looking-at>
- Háskóli Íslands. 2015. *Heimildamynd um Team Spark á RÚV á fimmtudag*.
https://www.hi.is/frettir/heimildamynd_um_team_spark_a_ruv_a_fimmtudag
- Institution of Mechanical Engineers. 2024. <https://www.imeche.org/events/formula-student>
- Küng, Lucy. Picard, Robert G. and Towse, Ruth. .2008. *The internet and the mass media*. SAGE Publications Ltd., Bandaríkin.
- Lög um fjölmiðla. 38/2011 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011038.html>
- Nichols, Bill. 2001. Documentary Film and the Modernist Avant-Garde. *Critical Inquiry*, Vol. 27, No. 4, bls. 580-610 (31 pages) <https://www.jstor.org/stable/1344315>
- Paperson, Chris & Domingo, David. 2008. *Making online news: The Ethnography of New Media Production, Volume 1*.
- Patterson, Thomas E. 2013. *Informing The News: The Need for Knowledge based Journalism*. Knopf Doubleday Publishing Group, Bandaríkin.
- Pavlik, J. (2000). *The Impact of Technology on Journalism*. *Journalism Studies*, 1(2), 229–237. <https://doi.org/10.1080/14616700050028226>
- Rosenbloom, R. S., & Cusumano, M. A. (1987). Technological Pioneering and Competitive Advantage: The Birth of the VCR Industry. *California Management Review*, 29(4), 51-76. <https://doi.org/10.2307/41162131>
- Teamspark.is. 2024. *Eldri bílar: Allir bílar frá upphafi*. <https://teamspark.is/is/vehicles/old>
- Teamspark.is. 2024. *Formula Student Iceland*. <https://teamspark.is/>
- Wikipedia. 2023. *Video Journalism*. https://en.wikipedia.org/wiki/Video_journalism
- Zerdick, Axel. Picot, Arnold. Scrape, Klaus. ofl. 2005. *E-Mergin Media*. European Communications Council Report, Springer.

Viðauki

1. Stefán Drengsson. 2015. *Team Spark Documentary*.
<https://www.youtube.com/watch?v=Jb2IxfaFluo>